



Ár 2010, þriðjudaginn 21. september, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 1/2010

Mótsstjórn Íslandsmótsins í höggleik 2010

gegn
Atla Elíassyni

Þann 4. ágúst 2010 barst aganefnd kæra frá mótsstjórn Íslandsmótsins í höggleik, dags. 3. ágúst sl., á hendur Atla Elíassyni, kt. 181084-3249, Golfklúbbi Suðurnesja (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots á öðrum keppnisdegi Íslandsmótsins í höggleik sem fram fór hjá Golfklúbbi Kiðjabergs dagana 22.-25. júlí sl. Í kæru er kærða gefin að sök óíþróttamannaleg framkoma er hann fyrirvaralaust hætti leik á öðrum degi mótsins án skýringa og án þess að gera mótsstjórn viðvart. Þess er krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að belta skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 5. ágúst sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á kæru. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigönum í ábyrgðarpósti þann 6. ágúst sl. og var skorað á hann að halda uppi vörnum í málinu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Engin viðbrögð bárust frá kærða innan frestsins en þann 22. ágúst barst nefndinni tölvupóstur frá kærða, þar sem fram kom lýsing hans á málavöxtum og gerði kærði þá kröfu að hann yrði sýknaður af kærunni. Aganefnd ákvað á fundi sínum þann 7. september sl. að gera ekki athugasemdir við það þótt greinargerð kærða hefði borist of seint.

Aganefnd boðaði kærða ásamt vitnunum Theódóri Halldórssyni og Tómasi Salmon til skýrslutöku sem fram fóru þann 15. september sl. Kærði kaus að mæta ekki til skýrslutökunnar en Theódór og Tómas mættu og gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

I. Málavextir

Af gögnum málsins og framburði vitna liggur fyrir að kærði lék ásamt Tómasi Salmon í síðasta ráshópi karla á öðrum keppnisdegi mótsins þann 23. júlí sl. Þegar kærði lauk leik á 9. holu kastaði hann golfolta sínum út fyrir brautina í „svekkelsi“. Á meðan kylfingarnir léku brautina mun kærði hafa sagt Tómasi að hann hugðist hætta leik að holunni lokinni en hann væri að leika með síðasta golfboltanum sínum. Tómas mun hafa tjáð kærða að hann ætti nóg af boltum og að hann væri reiðubúinn að lána kærða bolta, ef þess þyrfti.

Þegar kærði hafði yfirgefið flötina á 9. holu mun hann hafa farið inn í klúbbhús þar sem hann hitti fyrir Theódór Halldórsson, sem sat í mótsstjórn f.h. golfklúbbsins. Samkvæmt framburði Theódórs fyrir aganefnd mun kærði hafa komið inn í fundarherberi, hent skortkorti Tómasar á borðið og sagt: „Ég er hættur. Sá sem ég er að spila með bíður úti, hér er skorkortið hans.“

Theódór mun hafa snúið baki í kærða við tölvuvinnu á meðan kærði ávarpaði hann og þegar Theódór sneri sér við var kærði farinn á brott. Theódór mun þá hafa gengið á eftir kærða til að hafa uppi á honum en hann hafi ekki þekkt hann í sjón. Af þeim sökum fór hann á 10. teig, þar sem Tómas beið eftir kærða, ásamt kylfusveini sínum. Theódór mun þá hafa beðið Tómas um að koma með sér í klúbbhúsið svo hann gæt borið kennsl á kærða. Það hafi Tómas gert.

Þegar þeir höfðu í sameiningu haft uppi á kærða hafi Theódór beðið báða leikmenn um að koma með sér inn í mótsstjórnarherbergið þar sem gengið var frá skorkorti Tómasar, en það hafði ekki verið fyllt út af kærða. Þegar kylfingarnir höfðu fyllt út skorkortið fyrir fyrstu níu holurnar og undirritað, mun kærði hafa yfirgefið golfvöllinn. Samkvæmt framburði Theódórs gaf kærði enga ástæðu fyrir því af hverju hann væri að hætta keppni.

Framburður Theódórs er í grundvallaratriðum eins og málsatvikalýsing í kæru auk þess sem hann samræmist framburði vitnisins Tómasar. Töluberður munur er hins vegar á lýsingu kærða á málsatvikum. Þar fullyrðir kærði að hann hafi í einu og öllu staðið rétt að málum er hann hætti keppni og gaf aganefnd þá ástæðu að hann hefði ekki getað haldið keppni áfram þar sem hann átti ekki fleiri golfbolta. Honum hafi því verið ómögulegt að halda leik áfram.

II. Forsendur og niðurstaða

Eins og fyrr greinir þá fer málsatvikalýsing í kæru í öllum meginatriðum saman við framburð vitnanna Theódórs og Tómasar og verður hún því lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

Fyrir liggur í málínu að kærði ákvað að hætta leik án fyrirvara og útskýringa til mótsstjórnar. Aganefnd fellst ekki á það með kærða að hann hafi hætt leik vegna boltaleysis, enda bendir framburður vitnisins Tómasar til annars þar sem kærði mun hafa tjáð Tómasi þegar þeir léku níundu holuna að hann væri að leika sínum síðasta bolta. Þrátt fyrir þá vitneskju hafi kærði kosið að kasta bolta sínum frá sér með þeim afleiðingum að hann týndist. Þá fellst aganefnd ekki á það með kærða að boltaleysi á 10. teig sé málefnaleg ástæða fyrir því að hætta leik í mótinu. Að mati aganefndar hefði kærði getað orðið sér úti um fleiri bolta, annað hvort með því að versla þá í klúbbhúsínu á leið að 10. teig eða með því að þiggja boð mótspilara síns um lán á boltum.

Þá telur aganefnd jafnframt að kærði hafi sýnt af sér óíþróttamannslega framkomu þegar hann hætti leik og ritarastörfum fyrirvaralaust. Aganefnd telur háttsemi kærða brjóta í bága við 1. kafla Golfreglna R&A, sér í lagi kaflann „Andi íþróttarinnar“ og „Tillitssemi við aðra leikmenn“. Með því að hafa hætt leik án þess að tilkynna mótsstjórn með eðlilegum hætti um forföll sín þannig að unnt hefði verið að útvega mótspilaranum annan ritara braut kærði einnig í bága við keppnisskilmála mótanefndar GSÍ sem gefnar eru út skv. reglu 33-1 í golfreglum fyrir þau móti sem haldin eru á vegum sambandsins. Á þetta sérstaklega við um liði 10 og 11 sem fjalla um golfsiði og skorkort.

Þá er það jafnframt niðurstaða aganefndar að kærði hafi gerst brotlegur við 10. gr. móta- og keppendareglna GSÍ og 14. gr. móta- og keppendareglna Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands sem báðar fjalla um framkomu og ábyrgð keppenda. Í reglunum kemur efnislega fram

að keppandi skuli ekki ganga úr keppni að ástæðulausu og án þess að tilkynna það til framkvæmdanefndar viðkomandi móts. Það er mat aganefndar að kærði hafi ekki haft ástæðu til að hætta leik auk þess sem hann hafi ekki staðið rétt að málum eftir að hann kaus að hætta leik. Hann hafi ekki reynt að tryggja, að eigin frumkvæði, að skor mótpilara síns væri rétt útfyllt eða undirritað, auk þess sem hann tryggði ekki að mótpilari sinn gæti haldið áfram leik í fylgd með ritara. Með þessu hafi hann sýnt mótpilara sínum, mótanefnd og starfsfólki mótsins vanvirðingu, en kalla þurfti til annan dómara mótsins til að fylgja mótpilaranum svo hann gæti lokið keppni.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða aganefndar að kærði hafi gerst sekur um agabrot sem varði viðurlögum skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin leikbann í einu móti á stigamótaröð Golfsambands Íslands og skal leikbannið taka til Íslandsmótsins í höggleik árið 2011.

III. Úrskurður

Kærði skal sæta leikbanni í einu móti á stigamótaröð Golfsambands Íslands og skal leikbannið taka til Íslandsmótsins í höggleik 2011.

Reykjavík, 21. september 2010

Haukur Örn Birgisson

Haukur Örn Birgisson

Jónatan Ólafsson

Jónatan Ólafsson

Sigurður Geirsson

Sigurður Geirsson